

## Tillaga til þingsályktunar

### um sölu ríkiseigna, lækkun skulda ríkissjóðs og fjárfestingu í innviðum.

Flm.: Óli Björn Káráson, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Diljá Mist Einaradóttir,  
Hildur Sverrisdóttir, Jón Gunnarsson, Njáll Trausti Friðbertsson,  
Teitur Björn Einarsson, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa nefnd sem móti langtíma-áætlun um sölu ríkiseigna, lækkun á skuldum ríkissjóðs og fjárfestingu í innviðum. Nefndin verði skipuð þremur sérfræðingum á sviði hagfræði, fjármála og lögfræði. Nefndin skili áfangaskýrslu eigi síðar en 6 mánuðum eftir skipun og lokaskýrslu eigi síðar en 12 mánuðum eftir skipun.

Í áfangaskýrslu verði úttekt á eignum ríkissjóðs og annarra ríkisaðila, þar á meðal jörðum og öðrum fasteignum og beinum og óbeinum eignarhlutum í fyrirtækjum, hvort sem er í formi hluta- eða stofnfjár eða með öðrum hætti. Sérstaklega verði tilgreind fyrirtæki sem eru beint eða óbeint í meirihlutaeygu ríkissjóðs eða annarra ríkisaðila.

Í lokaskýrslu verði:

- verðmat á eignum ríkissjóðs og annarra ríkisaðila,
- mat á kostum og göllum þess að selja, að hluta eða að öllu leyti, hluti í einstökum fyrirtækjum,
- tímasettar tillögur um sölu ríkiseigna með mati á áhrifum sölu á þróun skulda og vaxtagreiðslna ríkissjóðs,
- áætlun um þörf á fjárfestingum í samfélagslega mikilvægum innviðum, sérstaklega í heilbrigðis-, mennta- og samgöngukerfum,
- mat á möguleikum ríkisins til að ráðast í fjárfestingar í innviðum án skuldsetningar, svo sem með skatttekjum, lækkun vaxtakostnaðar með niðurgreiðslu skulda og/eða tekjum af sölu eigna,
- mat á því hvort skynsamlegt sé að fjármagna innviðafjárfestingar, að hluta eða að öllu leyti, með samstarfsfjármögnun opinberra aðila og einkaaðila, og
- úttekt á efnahagslegum áhrifum af lækkun skulda ríkissjóðs og sölu ríkiseigna.

Í vinnu sinni fái nefndin fullan aðgang að öllum þeim gögnum opinberra aðila sem nefndin telur nauðsynleg til þess að útbúa lokaskýrslu í samræmi við framangreindar leiðbeiningar.

### Greinargerð.

Tillaga svipaðs efnis var lögð fram á 144. löggjafarþingi (323. mál) en ekki tekin til umræðu.

Skuldsetning ríkissjóðs og gríðarlegar vaxtagreiðslur hafa lamandi áhrif á íslenskt efnahagslíf og hamla getu ríkisins til að veita þá þjónustu sem ætlast er til og lækka álögur á launafólk og fyrirtæki.

Á undanförunum árum hefur fjármagnskostnaður verið einn stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs. Samkvæmt ríkisreikningum námu vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur langtímalána að

frádrægnum vaxtatekjum á verðlagi hvers árs samtals tæpum 297 milljörðum kr. á árunum 2017–2022. Árið 2022 greiddi hver fjögurra manna fjölskylda að meðaltali sem nemur tæplega 860.000 kr. í formi hærri skatta og/eða lakari þjónustu vegna þessa. Sé tekið mið af ríkisreikningi 2022 jafngilti þetta rúmum þriðjungi af greiddum tekjuskatti einstaklinga, en hlutfallið var einn áttundi árið 2020 þegar skuldasöfnun hófst á ný vegna heimsfaraldurs. Þannig er hægt að halda því fram að þriðja hver króna og gott betur sem ríkið innheimti í tekjuskatt af einstaklingum hafi runnið í fjármagnskostnað, beint eða óbeint.

Með nokkurri einföldun má segja að Íslendingar standi frammi fyrir tveimur kostum. Annars vegar getur ríkið áfram átt fyrirtæki, hús, jarðir o.fl. og búið við þungar vaxtagreiðslur á komandi árum með tilheyrandi lakari þjónustu og hærri sköttum. Hins vegar er hægt að selja hluta eigna ríkisins og greiða niður skuldir. Þar með lækka vaxtagreiðslur og fjármunina sem sparast má nýta til að byggja samfélagslega mikilvæga innviði og lækka skatta.

Af þessu er ljóst að lækkun skulda ríkissjóðs er eitt brýnasta verkefni samtímans og mikilvæg forsenda sóknar til bættra lífskjara. Ungt fólk horfir upp á að skuldirnar og tilheyrandi fjármagnskostnaður rýri lífskjör þess í framtíðinni. Fyrir tugþúsundir ungra karla og kvenna sem koma út á vinnumarkaðinn á komandi árum er ekki sérstaklega eftirsóknarvert að eiga hlut í banka eða öðrum fyrirtækjum í gegnum sameiginlegt eignarhald ríkisins ef greitt er fyrir eignarhaldið í formi verri lífskjara, með hærri sköttum og verri þjónustu hins opinbera. Þeir sem eldri eru og ekki síst þeir sem þurfa nauðsynlega á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda eða fá aðra aðstoð verða að sætta sig við lakari þjónustu og minni aðstoð en ella. Miklar skuldir ríkissjóðs hafa því bein áhrif á daglegt líf þúsunda Íslendinga.

Þótt mikill árangur hafi náðst í ríkisfjármálum á síðustu tíu árum og tekist hafi að lækka skuldir hafa atburðir undanfarinna ára leitt til þess að ríkissjóður er enn of skuldsettur, en þó í betri stöðu en hann hefði verið ef ekki hefðu verið greiddar niður skuldir af krafti áður en heimsfaraldur herjaði á heimsbyggðina. Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) eru lægri en í flestum löndum OECD og miðað við nógildandi fjármálaáætlun mun staðan verða 30% af VLF árið 2028 ef áætlanir ganga eftir. Þrátt fyrir það er mikilvægt að fram fari hreinskiptin umræða um stöðu ríkissjóðs og hvernig hægt er að lækka skuldir enn frekar og draga þannig úr lamandi vaxtagreiðslum. Ein forsenda þess að umræðan verði mál-efnaleg og án upphrópana er að allar upplýsingar um eignir og skuldir ríkisins liggi fyrir. Slíkar upplýsingar eru jafnframt forsenda þess að hægt sé að bera saman þá kosti sem Íslendingar standa frammi fyrir á komandi árum.

Flutningsmenn telja því nauðsynlegt að skipuð verði nefnd sérfræðinga til að vinna að því að heildaryfirsýn fái stöðu yfir eignir ríkisins og mat verði lagt á hugsanlega sölu þeirra, galla hennar og kosti, fjárfestingarþörf í innviðum og þróun skulda ríkisins. Þá á lokaskýrsla nefndarinnar að gefa skýra mynd af þeim innviðafjárfestingum sem nauðsynlegar eru á komandi árum, sem aftur er í samræmi við stefnu sitjandi ríkisstjórnar.